

# Fundarfrásögn Stjórnarfundur FÍF

**Dags:** 11.apríl 2016 12:00-13:00

**Staður:** Borgartún 6

**Mættir:** Hugrún, Ása, Friðrik, Ólafur Már, Kristmundur, Kristinn.

## 1. Greiðslur til stjórnar

Greiðslur félagsins vegna stjórnarsetu hefða ekki hækkað í mörg ár og séu fyrir vikið lægri en hjá öðrum félögum og í tilfelli formanns umtalsvert lægri. Samþykkt var að minnka þann mun að einhverju leiti og hækka greiðslur til stjórnarmanna um 500 krónur á hvern fund og að hækka heildargreislur til formanns upp í 30 þúsund krónur á mánuði.

Staðan skal tekin aftur í upphafi árs 2017 og málið rætt á síðasta fundi stjórnar fyrir næsta aðalfund. Samþykkt var að málið yrði tekið upp á næsta aðalfund sem gæti tekið afstöðu til málsins.

## 2. Stofnun Húsfélags þjónustuskrifstofu og aðkoma FÍF

Rætt var um sameiginleg kaup margra félaga á húsi heildarsamtakanna. Með því að eignast hluta muni FÍF ekki greiða öðrum félögum leigu vegna afnota. Sum félög hefðu samþykkt að kaupa meira en sinn hlut og ræddi stjórn það. Samþykkt var að FÍF myndi nota fé af eignarstýringarreikningi til að kaupa sinn hlut (miðað við fjölda félagsmanna í dag) í samvinnu við önnur félög. Að kaupa stærri hlut mætti skoða í samvinnu við önnur félög, það skildi rætt á öðrum fundi ef nauðsyn krefur.

## 3. Aðalfundur BHM – 19. maí - Hverjir geta mætt?

Fjöldi þátttakenda félags ræðs af fjölda félagsmanna og á FÍF núna 4 sæti. Stjórnarmenn voru hvattir til að skoða möguleika sína til þátttöku. Stefnt er að því að skýra þetta í maí. Ef ekki tekst að fylla sætin stjórnarmönnum verður brugðið á það ráð að finna félagsmenn til að sitja fundinn.

## 4. Norræna vinnumarkaðs módelið – ráðstefna í samstarfi við Norrænahúsið

FÍF boðið að senda fulltrúa í undirbúningsnefnd og telur stjórn mikilvægt að sjónarmið félaganna komi fram á ráðstefnunni. Kristmundur verður fulltrúi í þeim hóp og verður Ása einnig innan handar til vara.

## 5. Önnur mál

- Samningur við sveitarfélögin var formlega samþykktur með miklum meirihluta og hefur því tekið gildi.
- Félagið hyggst skoða lækkun aðildargjalda niður í 0.95% eða 0.9% á næsta aðalfundi.
- Verið er að vinna að endurskoðun stofnanasamninga m.t.t. menntunarákvæða og skal sú vinna klárast fyrir 1.júni nk. Formaður hefur skrifað bréf til félagsmanna sem starfa hjá ríkinu vegna þessa. Drögin rætt á fundinum og formanni falið að senda það út að honum loknum.

**Fundi slitið 13:00**